

## 1076. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 11. apríl 2012 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Stefán Einar Stefánsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný Valur Jakobsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Eyrún Ingadóttir, Fríður Birna Stefánsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Hildur Mósesdóttir, Jón Magnússon, Kristjana Þ. Jónsdóttir, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigurður Sigfússon og Árni Leósson sem ritaði fundargerð.  
Gestur fundarins: Hákon Gunnarsson, framkvæmdastjóri GEKON.

Dagskrá:

Áður en formlegur fundur hófst var hlutkesti látið ráða sætaskipan.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Stefán Einar lagði fram fundargerðir 1074. og 1075. fundar.  
Samþykkt og undirritað.

### 2. Verkaskipting stjórnar

Stefán Einar lét ganga lista þar sem fundarmenn gátu ritað nöfn sín við þær nefndir eða ráð sem þeir hefðu hug til að eiga sæti í en hann myndi síðan skoða hvaða óskum hægt yrði að verða við. Verður það síðan fastsett á stjórnarfundinum 9. maí n.k.

Stefán Einar tilkynnti að samkvæmt 10.gr. laga VR yrði nú kosið um varaformann og ritara stjórnar. Kallaði hann fyrst eftir framboðum í embætti ritara og tilkynnti í leiðinni að Birgir Már hefði fyrir fundinn látið vita um áhuga sinn á því embætti. Sigurður gaf einnig kost á sér, svo og Óskar og Bjarni Þór. Fór nú fram leynileg kosning um þá fjóra.

Sigurður hlaut 5 atkvæði

Birgir Már hlaut 4 atkvæði

Bjarni Þór hlaut 3 atkvæði

Óskar hlaut 1 atkvæði

Einn seðill var auður

Sigurður Sigfússon er því réttilega skipaður ritari stjórnar VR, starfsárið 2012-2013.

Næst var þá komið að vali á varaformanni. Tveir höfðu lýst yfir áhuga fyrir fundinn, þær Eyrún og Jóhanna. Tók Ásta Rut fram að hún gæfi ekki kost á sér vegna anna. Þakkaði Stefán Einar Ástu Rut fyrir hennar góðu störf sem varaformaður.

Þá var kosið leynilegri kosningu um þessa tvo frambjóðendur.

Eyrún hlaut 7 atkvæði  
Jóhanna hlaut 7 atkvæði

Þar sem jafnt var í kosningunni var hlutkesti látið ráða um niðurstöðu og var niðurstaðan sú að Eyrún Ingadóttir er réttilega kjörin varaformaður stjórnar VR, starfsárið 2012-2013. Óskaði Stefán Einar henni til hamingju og velfarnaðar í embættinu.

### 3. **Fundaáætlun starfsársins**

Stefán Einar dreifði skjalinu "*Fundaáætlun 2012-2013*" og fór yfir efni þess.

Umræður.

Ákveðið að halda vinnufund stjórnar laugardaginn 9. júní n.k. ca. kl. 9:00-17:00.

### 4. **Endurgerð Dísu - jólakveðju VR**

Stefán Einar dreifði skjalinu "*Kostnaðaráætlun*" dags. 04.04 2012. Það er kostnaðaráætlun frá Fíton um gerð nýrrar sjónvarpsauglýsingar fyrir hvíldartímamann í desember "Dísa 2". Fjallaði Stefán Einar um málið og kom fram í máli hans að það sem knýr á endurgerð eru bæði tæknileg atriði auk þess sem semja verði við leikara á ný. Það væri einnig mjög áhugavert að gera e.k. framhaldsmynd af gömlu auglýsingunni.

Umræður.

Ákveðið að bíða með ákvörðun og að Stefán Einar kalli eftir frekari sundurliðun á framleiðslukostnaði.

### 5. **Styrkveiting til Málsóknarsjóðs HH**

Stefán Einar sagði frá því að hann hefði átt fund með Hagsmunasamtökum Heimilanna vegna málsins. Við fengum hvorki nógu góðar upplýsingar eða aðkomu að undirbúningi en Stefán Einar sagðist þó leggja til að við leggjum táknaða upphæð í sjóð þeirra því málið sem slíkt sé gott.

Umræður.

Stefán Einar gerði að tillögu sinni að lögð verði ein milljón króna í sjóðinn með þeim skilyrðum að af málsókn verði en annars yrði að endurgreiða fjárstyrkinn.

Samþykkt einróma.

Ásta vék hér af fundi kl. 19:25

6. **Íslenski jarðvarmaklasinn - kynning á framgangi verkefnisins**

Gestur fundarins, Hákon Gunnarson, var nú boðinn velkominn til fundar og tók hann til við að kynna framgang þessa verkefnis. Unnið er í þremur fösum og sérstakt fagrað 7 manna hefur verið stofnað. Einnig hefur verið gerð áætlun um framvindu verka. Eftir sérstakt úrvinnsluferli verður klasinn væntanlega tilbúinn í mars 2013. Orkufyrirtæki eru drifkraftur vinnunar en 71 aðili eru stofnaðilar að verkefninu og er VR einn þeirra. Unnið er í 10 samstarfsverkefnum eins og t.d. nýsköpun, menntun og nýliðun, markaðs- og viðskiptasamstarf ofl.

Fyrirhuguð er mikil ráðstefna í mars árið 2013 er klasinn á að vera tilbúinn.

Stöðuskýrsla kemur fljótlega á rafrænu formi sem dreift verður á stjórnarmenn.

Að loknu máli var Hákon þakkað fyrir og vék hann því næst af fundi.

7. **Nýir trúnaðarmenn og endurkjörnir**

a. Bryndís Guðnadóttir      Skrifstofa VR (n)

Samþykkt.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 20:30

Árni Leósson, fundarritari